Sjónrænn boðskapur

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Myndlistarkonan *Margrét Árnadóttir Auðuns* er einn þeirra listamanna sem segja má að haldi sér við efnið. Allt frá því að hún hóf nám við MHÍ hefur sama vinnulagið fylgt henni hvar sem hún hefur borið niður og hvaða miðil sem hún hefur haft á milli handanna.

Þetta kemur líka greinilega fram í myndverkum á sýningu hennar í kjallarasölum Norræna hússins sem stendur til 9. maí, því að þótt þau séu sum hver ólík í útfærslu má kenna einhvern vissan grunntón í þeim sem er gerandans fyrst og fremst.

Slík ótvíræð persónueinkenni verður að telja listamönnum til tekna, þó iðulega spanni þau mjög afmarkað svið sem viðkomandi eiga mjög erfitt með að fjarlægjast og hvað þá sprengja, enda sjaldan til ávinnings.

Vinnubrögð Margrétar eru yfirveguð hæg og róleg, og bjóða síður upp á svipmikil og umbúðalaus átök. Öllu frekar markvissa þenslu þar sem boginn er sjaldan spenntur meira en til hálfs, ef svo má að orði komast. Á ég hér við að hinar lægri nótur litrófsins og einföld myndskipan séu framar öðru sérsvið Margrétar og um leið styrkur hennar.

En þetta vinnulag örfínna blæbrigða og djúphygli gerir miklar kröfur til listamannanna, og hér má vísa til að t.d. „glissando" telst engu síður mikilvægt í tónlist og hinir hæstu tónar.

Margur hefur verið á svipuðu róli í málaralistinni og Margrét og viðkvæm örfín litbrigði í myndum þeirra hrífa engu síður en litsterk málverk. Og menn skulu vel að merkja minnast þess, að litir eru ekki endilega fagrir í sjálfu sér heldur skiptir samræmið milli þeirra meginmáli, hvernig þeir magna hver annan upp eða milda áhrif hvellra andstæðna, það er nú einmitt meginkjarni málaralistarinnar og litrænir málarar, „koloristar", eru að mínu mati ekki endilega þeir sem nota sterku og áhrifaríku litatónana. Öllu frekar þeir sem ná miklum áhrifum úr litlu, eða t.d. öllum þeim litum sem þeir hafa handa á milli hverju sinni.

Margrét er einnig höll undir naumhyggju eða kannski getur maður sagt að flókin form eigi ekki við skapgerð hennar og því leiti hún einfaldleikans. Og hvað flatakenndar myndir snertir koma bestu eigindir hennar fram í

Margrét Árnadóttir Auðuns

myndum eins og t.d. „Röndótt", (14) sem er hrein og klár í útfærslu. Rauð lóðrétt lína sker einfalt lóðrétt þríhyrningsform á myndfleti og kveikir á mjög sannfærandi hátt í honum um leið.

Hin skreytikennda hlið Margrétar kemur greinilega fram í hrifríkum línuteikningum á einlitum, rauðum og grænum flötum eins og t.d. „Grænt lauf" (4), „Græn" (11) og „þrjár rauðar" (18). Þessar myndir staðfesta að Margrét er málari nálægðarinnar og hinna huglægu vídda, en þegar hún fer út fyrir hið beint skynræna og skoðandinn verður var við óravíddirnar í beinu sjónmáli að segja má, t.d. í myndröðinni „Þrjár bláar" (1), er öryggið mun minna.

En athyglisverðustu myndirnar á sýningunni tel ég þó vera myndaraðirnar „Þrjár gular" og „Bláar og gular" (15 og 16) á endavegg í innri sal. Í þeim birtist skreytikenndur ríkidómur og litræn þróun, sem er ákaflega róandi fyrir augað. Hér er um að ræða upphafinn litrænan stígandi sem höfðar til taugakerfisins og kemur manni heilmikið við.

Sólris

Í miðrými Kjarvalsstaða hefur *Sæmundur Valdimarsson* komið fyrir miklum fjölda tréskúlptúra, en hann sýnir þar í boði menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar.

Sýningar Sæmundar hafa verið reglulegur viðburður í borgarlífinu á undanförnum árum, enda hefur hann eignast stóran hóp aðdáenda, sem fjölmennir á opnanir sýninga hans. Oftast selur hann megnið af myndum sínum strax, enda þau á merkilega góðu verði miðað við stærð og fyrirferð. Sæmundur hefur þannig skapað sér nokkra sérstöðu í íslensku myndlistarlífi og getur trúlega talist utangarðsmaður sem er kominn inn í hlýjuna.

Minnir þetta ferli ekki svo lítið á Ísleif heitinn Konráðsson, sem var svo vinsæll á tímabili og hélt nokkrar sýningar er mikla athygli vöktu þó minna fari fyrir myndum hans í dag, en svo eigum við líka fleiri utangarðsmenn sem ekki fer mikið fyrir. En sól Ísleifs og annarra næfra listamanna kann vitaskuld aftur að hækka á lofti fyrr en varir.

List Sæmundar er einföld, tær og bernsk, og hann leggur alla sálu sína í hvert verk. Er hér um rekaviðarbúta að ræða sem hann sker út og hefur upprunaleg lögun vafalítið sitthvað að segja um endanlega gerð.

Úr rekaviðarbútunum býr hann til menn og konur, en þó aðallega konur og þessi mannbörn hans einkennir einhver góðlátlegur einfaldleiki og glettnislegt sakleysi sem kemur fólki í gott skap.

Mikið atriði eru hin stóru og undirfurðulegu augu er annað tveggja stara á skoðandann eða eins og blimskakka augunum á hið óræða í tilverunni. Þegar Sæmundur lætur sér nægja að leyfa þessum atriðum að njóta sín hreinum og klárum og beitir skurðarhnífnum eftir því sem hug-

AFSLÁTTUR

SCHWINN

20%



R.Linda

Vegna eigandaskipta SCHWINN INTERNATIONAL og tafa í framleiðslu af þeim sökum getum við aðeins boðið upp á takmarkað magn SCHWINN reiðhjóla í sumar, sem við bjóðum með sérstökum afslætti.

Einstakt tækifæri til að eignast vandað SCHWINN hjól á vægu verði.

— gæði sem endast!

HREYSTI

LÍKAMSRÆKTARVÖRUR

-friskandi verslun-

SKEIFUNNI 19 - SÍMI 681717 - FAX 813064

Sportver · Glerárgötu 28 · Akureyri · S: 96-11445



Fyrsti samlestur

ÆFINGAR eru hafnar á Þrettándu krossferðinni, eftir Odd Björnsson sem sýnt verður á Stóra sviðinu í september.

Þjóðleikhúsið

Æfingar hafnar á Þrettándu krossferðinni

Æfingar eru hafnar á *Þrettándu krossferðinni,* nýju íslensku leikriti eftir Odd Björnsson. Í fréttatilkynningu segir: Oddur var í fararbroddi framúrstefnuhöfunda hér á árunum kringum 1960 og samdi þá afar eftirminnileg stutt leikverk, m.a. „Köngulóna", „Jóðlíf" og „Tíu tilbrigði". Hann hefur einnig samið fyrir börn, m.a. sjónhverfingaleikritið um „Krukkuborg", en meðal seinni leikrita hans eru „Dansleikur", „Meistarinn" og „Eftir konsertinn", allt verk sem Þjóðleikhúsið sýndi. Þetta nýja verk, sem hefur verið í smíðum í rúman áratug, fjallar um þrjá hermenn sem leggja upp í krossferð í leit að „stríðinu". Þeir ferðast gegnum tíma og rúm, eiga samskipti við forn-grískar heimspekinga, Spánarkóng á endurreisnartímanum, alþýðufólk í Frakklandi á miðöldum, þeir takast á við íslensk tröll og eiga ástarfund með álfkonum, svo fátt eitt sé nefnt. Þetta er hin ytri atburðarás verksins og er raunar talsverð einföldun, því þarna er fjallað um veraldarsöguna í hnotskurn eða að minnsta kosti vegferð mannsins gegnum heiminn og tímann, með áleitnum og heillandi skírskotunum til mikilla afreka mannsandans á borð við „Don Kíkóta" og „Beðið eftir Godot".

Hermennina þrjá leika Baltasar Kormákur, Eggert Þorleifsson og Pálmi Gestsson, en aðrir leikarar í sýningunni eru: Örn Árnason, Hilmar Jónsson, Hjálmar Hjálmarsson, Helga Bachman, Gísli Rúnar Jónsson, Helgi Skúlason, Kristbjörg Kjeld, Erlingur Gíslason, Arnar Jónsson, Bryndís Pétursdóttir og Þórey Sigþórsdóttir.

Frumsýning á Stóra sviðinu í september.